

## Embætti og sýslanir m. m.

3. júlí var prófessor í íslenskri málfræði og menningarsögu innan heimspekisdeildar Háskóla Íslands, dr. phil. Birni M. Olsen, r. af Dbr. og Dbrm. allramildilegast veitt lausn í náð frá embætti, með eftirlaunum samkvæmt eftirlaunalögunum.

S. d. var dr. phil. Sigurður Nordal allramildilegast skipaður prófessor í íslenskri málfræði og menningarsögu innan heimspekisdeildar Háskóla Íslands.

S. d. var bæjarfógetafulltrúi Kristján Linnet allramildilegast skipaður sýslumaður í Skagafjarðarsýslu.

S. d. var sýslumaður í Húnavatussýslu Ari Arnalds allramildilegast skipaður sýslumaður í Norður-Múlasýslu og bæjarfógeti í Seyðisfjarðarsýslu.

Þann 31. ágúst var bankaritari Jón Halldórsson skipaður landsfjehlrðir frá 1. sept. þ. á. að telja.

5. september var cand. veter. Jón Pálsson skipaður dýralæknir í Austfirðingafjórðungi með búsetu á Reyðarfirði fyrst um sinn.

8. s. m. var cand. med. & chir. Björn Jósefsson allramildilegast skipaður hjerablæknir í Húsavíkurhjerablæknir frá 1. okt. 1918 að telja.

12. s. m. var Birni Kristjánssyni bankastjóra við Landsbankann veitt lausn frá þeirri sýslan frá 1. október næstkomandi.

S. d. var alþingismaður Pjetur Jónsson skipaður formaður Verðlagsnefndar í stað landlæknis Guðmundar Björnson, er hafði beiðst lausnar frá því að vera í nefndinni.

## Heiðursgjafir.

Af vöxtum af styrktarsjóði Kristjáns konungs IX. fyrir árið 1917, hefir stjórnarráðið veitt þeim Jóni Jónssyni bónda í Tröllatungu í Strandasýslu og Runólfi Halldórssyni bónda á Syðri Rauðalæk í Rangárvallasýslu heiðursgjafir, 160 kr. hvorum, fyrir framúrskarandi dugnað í jarðabótum, byggingum og öðru, er að búnaði lýtur.

## Innflutningur á hundum frá útlöndum.

14. sept. leyfði stjórnarráðið með ráði dýralæknis í Reykjavík F. Hansen í Hafnarfirði að flytja inn hund frá Spáni með venjulegum skilyrðum.